

DR. EDWARD EVERETT HALE



ĘD láti Dr. Edward Eyerett Hale's er einn merkasti maður síðastl. aldar hníginn til jarðar. Því fremur má telja hann til aldarinnar sem leið, en þessarar, þó æfi hans entist þetta. Um langan tíma hefir hann borið höfuð og herðar yfir samtíð sína, sem þjóðfélagsfræðingur, guðfræðingur, skáld og mikilmenni. Hvarvetna hefir hans að góðu verið getið, um mentaða heiminn, og eins og Gladstone hefir hann lengi verið kallaður "The Grand Old Man," gamla mikilmennið.

Lífsstarf hans til enda, er innofis í þjóðmála sögu Bandaríkjanna og verður ekki frá því sagt nema að segja 100 ára sögu Bandaríkjja þjóðarinna um leið, sögu 19 aldarinnar. Og hefir engum tekist það betur að verja allri æfi í þarfir lands og þjóðar en honum. Afskiftin voru öll í þá átt að manna og menta þjóðina og veita henni tilsgogn og hjálp í sjálfstæði, sjálfsvirðingu og frjálsræði. Dr. Hale var "lýðstjórnarandinn," er vakti yfir velförnun heimilanna, konungsvaldi einstaklinganna, heill þjóðstjórnarinnar, og framar öllum öðrum rétti á stalli guði lýðveldisins þegar manndómsleysið, eða okur auðvaldsins hótaði þeim hruni. Þá með sögum, rittgjörðum og ræðum, kvað við rödd hans meðal lýðsins, og það lýsti af ásjónu hans og klæði hans ljómuðu, eins og þess, sem fengið hefur þá köllun að leiða samtíðarsveit sína undan þrældómsokinu. Orð hans voru svo ljós, fortölur hans svo skýrar, tilgangurinn svo auðsær, stefnan svo ákveðin, að hugur manna mæddist ekki og eyru manna daufheyrdust ekki við áminningum hans. Persóna hans sjálfs var svo fráskilin öllum þeim athöfnum, að það var eingöngu andi þjóðveldisins sem talaði og bauð, í nafni almanna heillar.